FÉLAG ALMENNRA LÆKNA

Almennir læknar hafa verið eitt hryggjarstykkja í viðbrögðum heilbrigðiskerfisins við COVID-19 faraldrinum, hvort sem er á COVID göngudeilinni, við meðferð inniliggjandi sjúklinga eða á heilsugæslu.

Sem betur fer starfa margir almennir læknar innan íslenska heilbrigðiskerfisins, þrátt fyrir mikið álag, vaktabyrði og undirmönnun.

Sem betur fer hefur á síðustu árum verið byggt upp öflugt sérnám í læknisfræði á Íslandi. Sú vinna heldur áfram af krafti og er lykilatriði í því að byggja upp öflugan hóp sérnámslækna sem gegna mikilvægu hlutverki í íslensku heilbrigðiskerfi.

Sem betur fer geta læknar á Íslandi starfað á fjölbreyttum vettvangi. Þegar kemur að starfsumhverfi er engin “ein stærð passar öllum” og nauðsynlegt er að standa vörð um fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu, til þess að tryggja að íslenskir læknar skili sér heim að lokun sérnámi og geti fundið starfsvettvang við hæfi.

Félag almennra lækna vonar að unnið verði að úrbótum á starfsumhverfi lækna, að áframhaldandi uppbyggingu sérnáms á Íslandi og að ekki sé reynt að láta alla lækna passa inn í sama mótið.

Kveðja,

Árni Johnsen
Formaður Félags almennra lækna